

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/47****2022/EES/72/28****frá 13. janúar 2022**

um leyfi til að setja á markað þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu. Hefðbundin matvæli frá þriðja landi eru nýfæði eins og skilgreint er í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 ⁽²⁾ er mælt fyrir um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum.
- 3) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um leyfisveitingu og um setningu hefðbundinna matvæla frá þriðja landi á markað í Sambandinu.
- 5) Hinn 6. maí 2020 sendi fyrirtækið Société de Produits Nestlé SA (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner og seyði úr þeim á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner og seyði úr þeim yrði notað sem innihaldsefni í seyði (þ.m.t. drykkjarvörur sem eru tilbúnar til drykkjar) og bragðbættar drykkjarvörur sem eru ætluð fyrir almenning.
- 6) Hinn 13. nóvember 2020 sendi fyrirtækið Luigi Lavazza SpA (hér á eftir nefnt umsækjandinn) tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um þá fyrirætlun sína að setja þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner og seyði úr þeim á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Umsækjandinn fór fram á að þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner og seyði úr þeim yrði notað sem innihaldsefni í seyði og bragðbættar drykkjarvörur sem eru ætluð fyrir almenning.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2022. ESB L 9, 14.1.2022, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2015. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 frá 20. desember 2017 um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stj. 2017. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 55).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stj. 2017. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2468 óskaði framkvæmdastjórnin eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjendunum að því er varðar gildi tilkynningarinnar. Societé de Produits Nestlé SA lagði umbeðnar upplýsingar fram 17. júlí 2020, 17. nóvember 2020 og 23. desember 2020 en Luigi Lavazza SpA lagði umbeðnar upplýsingar fram 2. apríl 2021.
- 8) Gögnin sem umsækjendurnir lögðu fram sýna fram á að þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim hafi reynst örugg til notkunar sem matvæli í Jemen, Eþíópíu og Bólívíu.
- 9) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 framsendi framkvæmdastjórnin gildu tilkynningar til aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 4. janúar 2021 og 6. apríl 2021.
- 10) Engin tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi þess að setja þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim á markað í Sambandinu bárust framkvæmdastjórninni frá aðildarríkjunum eða Matvælaöryggisstofnuninni innan fjögurra mánaða tímabilsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 11) Hinn 27. maí 2021 birti Matvælaöryggisstofnunin skýrslu sína „Technical Report on the notification of the coffee cherry pulp from *Coffea arabica* L. and *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner as a traditional food from a third country pursuant to Article 14 of Regulation (EU) 2015/2283“⁽⁴⁾ á grundvelli tilkynningarinnar frá Societé de Produits Nestlé SA.
- 12) Hinn 2. september 2021 birti Matvælaöryggisstofnunin skýrslu sína „Technical Report on the notification of infusion from coffee leaves (*Coffea arabica* L. and *Coffea canephora* Pierre ex A. Froehner) as a traditional food from a third country pursuant to Article 14 of Regulation (EU) 2015/2283“⁽⁵⁾, á grundvelli tilkynningarinnar frá Luigi Lavazza SpA.
- 13) Í þessum skýrslum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirliggjandi gögn um samsetningu og reynslu vegna tillagðrar notkunar á þurrkuðu aldinkjöti kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim skapi ekki öryggisvanda.
- 14) Því ætti framkvæmdastjórnin að leyfa setningu þurrkaðs aldinkjöts kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim á markað í Sambandinu sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði til samræmis við það.
- 15) Í álitinu tók Matvælaöryggisstofnunin fram að ekki er mælt með að börn eða þungaðar konur eða konur með barn á brjósti neyti drykkjarvara sem innihalda koffín ef koffíninnihaldið fer yfir 150 mg/l, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011⁽⁶⁾. Ef vara sem inniheldur nýfæðið inniheldur meira en 150 mg/l af koffíni ætti því að setja á merkingu til að upplýsa neytendur á tilhlýðilegan hátt um koffíninnihaldið og að ekki sé mælt með vörunni fyrir börn, þungaðar konur og konur með barn á brjósti.
- 16) Að því er varðar aldinkjöt kaffiberja, sem er sett á markað sem slíkt til tilreiðslu á seyði, ætti að setja á merkingu til að upplýsa neytendur á tilhlýðilegan hátt um tilreiðslu vörunnar.
- 17) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

⁽⁴⁾ EFSA Supporting publications, <https://doi.org/10.2903/sp.efsa.2021.EN-6657>

⁽⁵⁾ EFSA Supporting publications, <https://doi.org/10.2903/sp.efsa.2021.EN-6808>

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni *Coffea arabica* L. og/eða *Coffea canephora* Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, skal fært sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi á skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði eins og kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470.

Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni <i>Coffea arabica</i> L. og/eða <i>Coffea canephora</i> Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Tilgreindur matvælaflokkur	Hámarksgildi	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „aldinkjöt kaffiberja“ og/eða „cascara (aldinkjöt kaffiberja)“, og/eða „seyði úr aldinkjöti kaffiberja“ og/eða „seyði úr þurrkuðu aldinkjöti kaffiberja“. Ef vara sem inniheldur nýfæðið inniheldur meira en 150 mg/l af koffíni (sem slík eða eftir endurupplausn), skal merkja hana með eftirfarandi upplýsingum: „Hátt koffíninnihald. Ekki mælt með fyrir börn eða þungaðar konur eða konur með barn á brjósti“ á sama sjónsviði og heiti matvællanna og á eftir kemur koffíninnihaldið, gefið upp í mg á hverja 100 ml. Dæmigerð seyðisblanda er tilreidd með allt að 6 g af aldinkjöti kaffiberja á hverja 100 ml af heitu vatni (> 75 °C). Að því er varðar aldinkjöt kaffiberja sem er sett á markað sem slíkt til tilreiðslu á seyði skulu neytendur fá leiðbeiningar um tilreiðsluna.“	
	Aldinkjöt kaffiberja af tegundinni <i>Coffea arabica</i> L. og/eða <i>Coffea canephora</i> Pierre ex A.Froehner til tilreiðslu á seyði			
	Kaffi, kaffi- og kaffifífil-skjarnar, skyndikaffi, te, jurta- og aldinseyði, kaffilíki, kaffiblöndur og skyndiblöndur fyrir heita drykki (og bragðbættar hliðstæður þeirra).			
Bragðbættir og óbragðbættir óáfengir drykkir tilbúnir til drykkjar				

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Þurrkað aldinkjöt kirsuberja af tegundinni <i>Coffea arabica</i> L. og/eða <i>Coffea canephora</i> Pierre ex A.Froehner og seyði úr þeim (hefðbundin matvæli frá þriðja landi)	Lýsing/Skilgreining: Hefðbundnu matvælin samanstanda af þurrkuðu óbrenndu aldinkjöti kaffiberja af tegundinni <i>Coffea arabica</i> L. og/eða <i>Coffea canephora</i> Pierre ex A. Froehner (ættkvísl: <i>Coffea</i> ætt: Rubiaceae) og seyði úr þeim. Seyðið er hægt að nota sem slíkt eða þykkt eða þurrkað. Þroskuðum kaffiberjum er safnað og síðan eru kaffibaunirnar fjarlægðar á vélrænan hátt, fyrir eða eftir þurrkunarvinnslu, og eftir verður þurrkað aldinkjöt kaffiberjanna sem er hægt að mala í duft. Aðskilið aldinkjöt kaffiberjanna er einnig þekkt sem „cascara“, dregið af spænska orðinu „cáscara“ sem merkir „hýði“.

Að jafnaði er seyðið tilreitt með því að blanda allt að 6 g af aldinkjöti eða hýði „cascara“ í 100 ml af heitu vatni (> 75 °C), látið standa í nokkrar mínútur og síðan hellt gegnum síu, eða samsvarandi magn notað af þurrkuðu seyði eða skyndiseyði.

Samsetning þurrkaðs aldinkjöts kaffiberja:

Vatn: < 18%

Vatnsvirkni (a_w): $\leq 0,65$

Aska: < 10,4% DM (þurrefni)

Prótín: < 15% DM (þurrefni)

Fita: < 5% DM (þurrefni)

Kolvetni: < 85% DM (þurrefni)

Örverufræðilegar viðmiðanir:

Fjöldi örvera við loftháð skilyrði: < 10^4 CFU/g

Ger- og myglusveppir samtals < 100 CFU/g

Iðrabakteríur: < 50 CFU/g

Salmonella: Finnst ekki í 25 g

Bacillus cereus: < 100 CFU/g

Sveppaeitur:

Okratoxín A: < 5,0 µg/kg

Aflatoxín B1: < 2,0 µg/kg

Aflatoxín B1, B2, G1, G2 (sem summa): < 4,0 µg/kg

Þungmálmar:

Kadmíum (Cd): < 0,05 mg/kg

Blý (Pb) < 1,0 mg/kg

Kopar: ≤ 50 mg/kg

Kvikasilfur: $\leq 0,02$ mg/kg

Arsen: $\leq 0,2$ mg/kg

Óhreinindi:

Bensó(a)pýren: < 10,0 µg/kg

Summa bensó(a)pýrens, bens(a)antrasens, bensó(b)flúorantens og krýsens: < 50,0 µg/kg

Varnarefni:

Magn varnarefna í hefðbundnum matvælum skal vera í samræmi við gildin sem eru fastsett með reglugerð (EB) nr. 396/2005 fyrir „0639000“ fyrir „Jurtate úr öðrum plöntuhlutum“.

CFU: Þyrpingamyndandi einingar

DM: Þurrefni“